

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 239/2014****2015/EES/52/31****frá 24. október 2014****um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum,
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/27/ESB frá 26. febrúar 2014 um breytingu á tilskipunum ráðsins 92/58/EBE, 92/85/EBE, 94/33/EB, 98/24/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/37/EB í því skyni að laga þær að reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna ⁽¹⁾.
- 2) XVIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XVIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 14a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/37/EB):

„eins og henni var breytt með:

- **32014 L 0027**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/27/ESB frá 26. febrúar 2014 (Stjtið. ESB L 65, 5.3.2014, bls. 1).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 16c (tilskipun ráðsins 92/58/EBE), lið 16d (tilskipun ráðsins 92/85/EBE), lið 16h (tilskipun ráðsins 98/24/EB) og 29. lið (tilskipun ráðsins 94/33/EB):

„– **32014 L 0027**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/27/ESB frá 26. febrúar 2014 (Stjtið. ESB L 65, 5.3.2014, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/27/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. október 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 65, 5.3.2014, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.